



## Samþykkt um námsleyfi sérmenntaðs starfsfólks Akureyrarbæjar

### 1.gr.

Bæjarstjórn Akureyrar vill með samþykkt þessari stuðla að því að efla menntun og þekkingu sérmenntaðs starfsfólks í samræmi við mannauðstefnu bæjarstjórnar Akureyrarbæjar. Sérmenntað starfsfólk hefur lokið námi frá háskóla eða sérskóla á háskólastigi sem veitir ákveðin starfsréttindi.

### 2.gr.

Árlega er greidd úr bæjarsjóði til námsleyfa sérmenntaðs starfsfólks upphæð sem nemur tvennum árslaunum ásamt launatengdum gjöldum í launaflokki 44 skv. kjarasamningi Samband íslenskra sveitarfélaga og Fræðagarðs frá 1. september 2015 með síðari breytingum.

### 3.gr.

Fræðslunefnd starfsfólks Akureyrarbæjar annast vörslu námsleyfasjóðs og úthlutar námsleyfi úr sjóðnum. Við úthlutun námsleyfis skal umsóknum m.a. forgangsraðað miðað við:

- þarfir bæjarfélagsins og starfsmanns fyrir þróun í starfi
- að þeir gangi fyrir sem geta ekki fengið leyfi til náms úr öðrum starfsmenntunar- eða námsleyfasjóðum
- að þeir gangi fyrir sem stefna að a.m.k. þriggja mánaða samfelldu leyfi frá störfum hjá Akureyrarbæ. Ekki eru veitt leyfi til náms sem stundað er samhliða starfi
- að þeir gangi fyrir sem hafa ekki áður fengið leyfi úr sjóðnum
- að þeir gangi fyrir sem hafa starfað lengst hjá Akureyrarbæ sem sérmenntaðir starfsmenn.

### 4.gr.

Við úthlutun námsleyfis skal við það miðað að starfsmaður geti fengið leyfi til þriggja mánaða eftir þriggja ára starf. Réttur til leyfis eykst um einn mánuð fyrir hvert ár umfram þrjú ár til níu ára starfsaldurs en hámarksleyfi til níu mánaða fæst eftir níu ár í starfi hjá Akureyrarbæ sem krefst háskólamenntunar. Dreifa má leyfi, með formlegu samþykki fræðslunefndar, yfir lengri tíma eða allt að þremur árum, t.d. ef stundað er nám í lotum með vinnu á milli. Líða þurfa a.m.k. þrjú ár frá því að námsleyfi lýkur áður en starfsmaður getur fengið námsleyfi að nýju.

5.gr.

Námsleyfi er miðað við mánaðarlaun í launaflokki viðkomandi starfsmanns án greiðslna fyrir yfirvinnu og annarra aukagreiðslna. Námsleyfi er greitt sem laun og jafnframt eru greidd öll launatengd gjöld.

6.gr.

Námsleyfi er bundið skilyrði um áframhaldandi starf hjá Akureyrarbæ eftir að leyfi lýkur sem nemur þreföldum leyfistímanum.

7.gr.

Starfsmaður skal nýta a.m.k. 80% námstímans til háskólanáms samkvæmt samkomulagi við yfirmann. Þess er krafist að starfsmaður geri grein fyrir námi sínu með skýrslu til fræðslunefndar innan tveggja mánaða eftir að leyfi lýkur. Einnig er heimilt að óska eftir að starfsmaður kynni nám sitt á vettvangi sem fræðslunefnd eða yfirmaður ákveða.

8.gr.

Umsóknir um námsleyfi skulu sendar fræðslunefnd í gegnum íbúagátt Akureyrarbæjar og verða þær teknar til afgreiðslu í mars ár hvert og ef þörf krefur einnig í nóvember. Með umsókn um námsleyfi skal fylgja samþykki og rökstuðningur yfirmanns.

9.gr.

Við upphaf náms skal starfsmaður leggja áætlun um námstilhögun fyrir yfirmann sinn. Ef starfsmaður nýtir ekki leyfi sitt til náms sbr. 7. gr. skal hann endurgreiða námsleyfi í hlutfalli við þann tíma sem er ekki nýttur til náms.

Samþykkt í fræðslunefnd 4. febrúar 2019

Samþykkt í kjarasamninganefnd 11. febrúar 2019

Samþykkt í bæjarráði 21. febrúar 2019